
17. júní hátíð í Kópavogi - lokaskýrsla verkefnastjóra

Ingibjörg Gréta - júlí 2020



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Yfirlit

17. júní hátíðarhöldin í Kópavogi 2020 voru með öðru sniði en venja er vegna COVID-19. Þessi mikla fjölskylduhátíð sem Kópavogsbær leggur metnað sinn í að þjóni bæjarbúum vel varð því skipulögð nokkrum sinnum með mismunandi útfærslum í hvert skipti. Undirbúningur verkefnastjóra tók mið að þessari nýju breytu og til að alls öryggis væri gætt þá varð endanlega dagskrá ekki staðfest fyrr en í byrjun júní eftir samtal við lögreglu og Almannavarnir. Niðurstaðan var að halda hátíðina á fimm svæðum, fjórum íþróttasvæðum í bænum, tengja hátíðarhöldin við íþróttafélögin og fá þau með í skipulagið, við Menningarhúsin ásamt því að tvær bílalestir voru settar af stað úr sitt hvorum enda bæjarins til að dreifa mannfjöldanum enn frekar. Íþróttafélögin lýstu öll sem eitt ánægju sinni með þessa útfærslu. Lögð var áhersla í allri umfjöllun að þetta væri hátíð barnanna og fólk beðið um að leyfa börnunum að vera í forgangi fyrst og fremst vegna fjöldatakmarkana. Aðsókn að hátíðarhöldunum í ár var sérlega góð, bæjarbúar voru afslappaðir enda nægt pláss á öllum svæðum. Sett voru upp sérstök svæði á öllum hátíðarsvæðunum þar sem 2ja metra reglan var auglýst en enginn nýtti sér það að því sem verkefnastjóri best veit. Veðrið var eins og best var á kosið og öll dagskrá hélst á tíma. Listamenn voru sérlega ánægðir og var Kópavogur umræddur þeirra á meðal fyrir að velja að halda sig við hátíðarhöld og bjóða upp á listamenn.



Markmið

Markmið 17. júní hátíðarinnar eru samfélagsleg, fjárhagsleg og hliðarmarkmið.

Samfélagsleg markmið er jákvæð upplifun gesta. Engin kvörtun barst til verkefnastjóra svo vitað sé en í skýrslu íþróttafélaganna eru atriði sem bent var á að betur mætti fara og er það vel. Gestir hátíðarhaldanna voru himinlifandi, fannst þessi skipting til hins betra og komu margir þeirri ósk sinni á framfæri við starfsfólk að halda hátíðina aftur með þessum hætti. Orð dagsins mætti kalla afslöppun því allt fór vel fram, veðrið var okkur í hag og rúmt var um alla. Lista og menningarráð tók þá ákvörðun að leigja öll skemmtitæki svo frítt var í þau á öllum stöðum fyrir börnin - það mæltist sérlega vel fyrir.

Fjárhagsleg markmið var að verkefnið stæðist fjárhagsáætlun. Upphafleg kostnaðaráætlun hljómaði upp á um 10 milljónir króna sem síðar var uppfært í 15 milljónir vegna aðstöðu breytinga og stöðunnar í þjóðfélaginu. Raun kostnaður var tæpar 14 milljónir.

Kostnaður við auglýsinga og kynningarmál var ekki greiddur af fjárhag hátíðarhaldanna.

Hliðarmarkmið var að starfsmenn bæjarins, íþróttafélög og félagasamtök sem komu að hátíðinni upplifðu þátttökuna jákvæða og væru sáttir - sérlega jákvæð viðbrögð komu frá íþróttafélagunum með mjög góðum ábendingum um hvað betur mætti fara.

Kynningarmál

Fundað var með Almannatengli Kópavogs, Sigríði Björgu Tómasdóttur, Írisi Maríu Stefánsdóttur markaðs- og kynningarstjóra Menningarhúsanna ásamt Soffíu Karlsdóttur forstöðumanni menningarmála í maí. Íris María var tengill Menningarhúsanna við hátíðina en sérstök hátíðardagskrá var haldin þar - menningarlegri dagskrá. Tvær fjallkonur og tveir nýstúdentar voru í ár og tók verkefnastjóri viðtöl við fjallkonurnar fyrir Kópavogsblaðið sem kom vel út. Samfélagsmiðla unnu Sigríður og Íris María.



Það sem var vel gert: Notuð var aðalsíða bæjarins undir allar tilkynningar um hátíðarhöldin og fór að bera á tilkynningum nálægt sautjándanum. Notkun almannatengsla í tengslum við hátíðina virkaði vel. Verkefnastjóri fékk bæði Sölku Sól og Hr. Hnetusmjör til að senda inn myndbönd þar sem þau sögðu aðeins frá þátttöku sinni í hátíðarhöldunum án þess þó að segja hvar - til að byggja upp stemningu.

Það sem betur mætti fara: Ef hægt væri mætti segja fyrir frá hátíðarhöldunum en í þessu tilfelli var það ekki hægt fyrir en í lokin. Dagskráin sjálf var ekki sett inn fyrir en degi eða tveimur fyrir hátíðarhöldin en búið var að segja hvar hátíðarhöldin yrðu - án þess að nefna listamennina. Auglýsingu var breytt á lokametrinum til að tilkynna að leiktæki opnuðu kl. 13 og hátíðardagskrá kl. 14. Það hefði mátt auglýsa það fyrir í ferlinu því það var hið besta mál að opna tækin fyrir.



Samstarfsaðilar

Í febrúar var byrjað að hafa samband við samstarfsaðila.

Exton. Óskað var eftir tilboðum eins og vanalega frá Exton og HljóðX er varðar tækni og tjöld. Gengið var að tilboði Extons þar sem meira var innifalið í þeirra tilboði. Samstarfið gekk vel, en leigð voru 4 lítil svið ásamt tjöldum og hljóðkerfum auk þess sem hljóðkerfi voru leigð í opnu strætisvagnana sem keyrðu um bæinn milli kl. 11 og 14.

Sprell. Lista- og menningarráð tók þá ákvörðun að leigja leiktækjafyrirtækin frá Sprell sem setti leiktæki á hvert hátíðarsvæði - ekki var hægt að hafa það sama á hverju svæði sem kom ekki að sök - einhverjar raddir heyrðust að það hefði mátt vera fleiri leiktæki en þau voru einfaldlega ekki til fleiri.

Bubbluboltar. Engir bubbluboltar voru í ár, þeir voru afpantaðir vegna þrifa o.fl. auk þess sem ekki var hægt að hafa nægjanlega marga á hverjum stað..

Veltibíllinn Ekki í ár vegna aðstæðna.

Krakkahestar. Engir hestar voru í ár - enginn saknaði þeirra eða hafði orð á því..

Rafgeisli Haft var samband við Kjartan hjá Rafgeisla í maí og beðið um tilboð í verkefnið. Gott er að gera þetta í byrjun maí til að staðfesta samstarf við viðkomandi. Kjartan var hinsvegar mjög bógóður, ráðlagði með hvar best væri að hafa sviðin á íþróttasvæðunum með tilliti til rafmagnsins en hann þekkir þetta út og inn.

Grafískur hönnuður. Þetta verkefni kom ekki inn á borð verkefnastjóra nema til álits þegar markaðsefnið var í hönnun. Lögð var áhersla á að koma þeim skilaboðum til bæjarbúa að leyfa börnunum að vera í forgangi og njóta..

Það sem vel var gert: Samband var haft við alla aðila tímanlega en ekkert ákveðið vegna ástandsins - þegar búið var að ákveða fyrir fullt og fast gekk vel að staðfesta alla aðila. Verkefnastjóri fékk listamennina milliliðalaust að þessu sinni sem bæði sparaði umboðslaun og tíma ásamt því að það auðveldaði skipulagið að gera þetta beint.

Það sem betur má fara: Fá tilboð frá fleiri rafmagnsaðilum.

Þjónustumiðstöð Kópavogs

Fundað var með Þjónustumiðstöðinni tvisvar í maí. Fyrst voru útlínur og umhverfi allra íþróttamannvirkja sem áætlað var að hátíðarhöldin færu fram, teiknaðar upp auk þess sem starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar keyrðu áætlaða akstursleið hinna opnu vagna, tóku tíma á akstursleiðinni og áttuðu sig á hvar væri hægt að keyra og hvar ekki. Þjónustumiðstöðin gegnir veigamiklu hlutverki í skipulagi hátíðarinnar og er það vel. Samstarfið er eins og best verður á kosið og allir eru boðnir og búnir að láta hlutina ganga upp. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar sóttu alla kassa og dót sem hátíðin á m.a. niður í Smáraskóla og tóku inn á gólf til sín. Þar var hægt að fara yfir og áætla innkaup, sérstaklega hvað andlitsmálun varðaði en í ár þurfti að setja upp fjórar andlitsmálingarstöðvar á hinum fjórum hátíðarsvæðum. Gott er að hafa tengiliði Þjónustumiðstöðvarinnar með í allri framkvæmd til að finna út með hvað þeir geta lagt til og kom það sér vel hve samstarfið var gott þegar hægðist á bílalestinni þá vissu starfsmennirnir um hvað málið snérist og gátu brugðist við. *Sjá nánar gögn í möppu merktri Kop_17.júní_2020_gögn undir Þjónustumiðstöð.*

Það sem vel var gert: Viðhorf og samstarfa við þá Leif Eiríksson forstöðumann og Jón Ingvar Jónsson yfirverkstjóra Þjónustumiðstöðvarinnar gagnvart verkefninu var og er með eindæmum gott, það var ávallt gengið í öll mál og unnið saman að lausnum. Gott var að funda snemma í ferlinu með þeim, fara yfir hvað þyrfti að gera og fundu þeir út með lausnir undantekningarlaust. Verkefnastjóri útbjó sérstakt verkefnaskjal fyrir Þjónustumiðstöðina sem fundað var með og náðist gott samkomulag um verkefnin. Einnig voru ruslatunnur nægar og sorp tvískipt: almennt og dósir/gler, þessi ruslaskipting hófst í fyrra og á að vera áfram til að koma m.a. þeim skilaboðum til bæjarbúa að flokka sorp.

Það sem betur má fara: Það eina sem kemur upp er að fá dótið og gögnin úr geymslunni aðeins fyrr tli að geta farið yfir, jafnvel í kringum 5. júní til að hafa nægan tíma - ef hægt er að taka pláss svo lengi frá inn á gólfi Þjónustumiðstöðvarinnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Starfsmannamál

Haft var samband við Vinnuskólann, Kópavogsvöll og Þjónustumiðstöðina upp á að bjóða starfsfólki þeirra að vinna á 17. júní. Sent var út umsóknareyðublað af google docs til stjórnenda þessara vinnustaða - forstöðumenn félagsmiðstöðvanna urðu útundan einhverra hluta vegna og er það miður því þar er mikil reynsla. Þessi gleymaska skrifast á verkefnastjórann. En varðandi hina sumarstarfsmennina þá virðist sem unga fólkið sé ekki að skoða tölvupóstana sína því illa gekk að fá þau til að staðfesta í gegnum tölvupóst vinnuna á 17. júní. En reynslan sýnir að nauðsynlegt er að fá staðfestingu frá þeim undantekningarlaust. Þetta varð til þess að verkefnastjóri sendi út sms til allra og þannig fékkst staðfesting- sem betur fer, því þessi samskipti urðu til þess að það náðist í alla umsækjendur en oft eftir ítrekanir og hringingar. Einhverjir afboðuðu sig í vinnu að lokum (sem höfðu sótt um og staðfest komu sína) svo flestir sem sóttu um fengu vinnu. Verkefnastjóri fékk aðstoðarmanneskju til að vinna með að skipulaginu sem einnig var yfir einu hátíðarsvæði á 17. júní. Auk þess voru valdir svæðisstjórar hvers svæðis fyrir sig úr umsóknunum og voru þau boðuð á fund til að fara yfir starfsmannamál og fyrirkomulag vinnunnar á 17.júní. Þessi fundur var mjög mikilvægur því þar var hægt að koma skilaboðum til þeirra, setja verkefnin formlega á þau, leiðbeina hvernig við vildum að þetta færi fram og síðast en ekki síst að koma skilaboðum áfram til starfsmanna sem mættu til vinnu þann 17. júní - og skilaboðin voru skýr. Það áttu allir að veita börnunum athygli brosa og bjóða fram aðstoð sína ef þau væru eitthvað ein og hikandi. Þetta var og er hátíð barnanna og okkar hlutverk var að sjá til þess að öll umgjörð studdi það. Svæðisstjórnir fengu líka þau skilaboð að allir starfsmenn dagsins væru fulltrúar Kópavogsbæjar og þjónusta við bæjarbúa væri aðalatriðið, sér í lagi börnin.

Andlitsmálun er alltaf vinsæl og er sérstaklega beðið um að umsækjendur sem geti unnið við hana merki við í umsókn sinni. Í ár var keypt nægjanlega inn penslar og andlitsmálning sem var svo skipt bróðurlega niður á starfsstöðvarnar. Svæðisstjórnir sendu svo mynd af mætingarblaðinu þegar vinnudegi lauk til að tryggja að það tapaðist ekki - en þau skiluðu sér líka til verkefnastjóra. *Sjá nánar gögn í möppu merktri Kop_17.júní_2020_gögn undir starfsmenn.*

Það sem vel var gert: Skipulag vinnuhópa á 17. júní gekk vel, Sett var upp eins skjal fyrir allar starfsstöðvar, símanr. svæðisstjóra efst sem og allra starfsmanna. Svæðisstjórar / starfsmannastjórar hvers svæðis merktu síðan við mætingu

Það sem betur má fara: Starfsmenn voru látnir koma of snemma - enda vaninn á Rúttúni að byrja snemma því svið og öll umgjörð er vanalega komin upp en í ár voru sviðin ekki komin upp og því ekki hægt að ganga frá þeim jafn snemma eins og vanalega.

Það þarf því að passa upp á að fá staðfesta tímasetningu uppfærslu á sviðum frá EXTON. Þeir gerðu ráð fyrir að vera sneggri en raunin varð og því voru einhverjir hópar ekki með verkefni fyrstu tvo til þrjá tímana. Opna þarf fyrir umsóknir um leið og krakkarnir byrja sumarstarfið. Senda út á þau staðfestingarpósta ca. 12.júní ásamt hvenær viðkomandi á að mæta og hve lengi yfir daginn hann/hún vinnur. Biðja um staðfestingu á móttöku. Engin tölva var til að slá inn vinnutíma starfsmanna á hátíðarsvæðunum heldur var prentað út skjal og skrifað inn á - það gæti verið gott að deila google docs skjali, einu með hverju svæði fyrir sig og að svæðisstjóri/starfsmannastjóri hvers hátíðarsvæðis fylli það út - væri gott að hafa það rafrænt - en eins og áður sagði kom það ekki að sök. Svo er góð hugmynd að fá kvittun krakkanna fyrir tíma sínum - nokkrir gerðu athugasemdir við tímann eftir á og hafði verkefnastjóri enga ástæðu til að rengja þau.

Hátíðarsvæðin fimm

Hátíðarsvæðin voru fimm í ár; Menningarhúsin, Fagrilundur, Fífan, Versalir og Kórinn. Fundað var með tengiliðum allra íþróttafélaganna sem starfa við þau íþróttamannvirki sem hátíðarhöldin fóru fram á ásamt Jóni Júlíussyni og Gunnari Guðmundssyni frá bænum og þeim Leifi Eiríkssyni og Jóni Ingvari frá Þjónustumiðstöð. Þar var skipulagið kynnt og tóku allir vel við sér. Verkefnastjóri kynnti teikningar hvar tillögur væru um staðsetningar og fóru þá Breiðabliksmenn fram á breytingu hjá sér yfir í Fífuna sem var gert. Auk þess kom það skýrt fram að sölutjöldin yrðu ekki tiltæk í ár og yrðu íþróttafélögin að sjá um það sjálf. Það var engin fyrirstaða. Verkefnastjóri benti aðilum á að hér gætu félögin verið með góða fjáröflun auk þess að gera þetta að sinni hverfishátíð líka. Það er gaman að segja frá því að Gerpla var með fimleikasýningu sem tókst afbragðs vel og var sett inn í dagskrána á þeirra svæði. Það hefði alveg mátt vera meira um þetta frá hinum félögunum því þetta setur hverfissvip á hátíðina.

Engin leyfisbeiðni fór því á heilbrigðiseftirlitið vegna sölutjalda og salerna en verkefnastjóri hafði samband engu að síður til að fullvissa sig um að þess þyrfti ekki. Engin salerni voru pöntuð því gestir fengu að nota aðstöðuna inni í íþróttahúsunum. Ekki var ætlast til að starfsmenn húsanna væru á vakt en allir gerðu það nú samt nema Gerpla sem var með sjálfboðaliða. Það er eftir á að hyggja nauðsynlegt að hafa starfsmann á vakt ásamt starfsmönnum 17. júní en aðili sem þekkir aðstæður er nauðsynlegur. Allt gekk þetta þó vel fyrir sig. Þar sem Breiðablik er með tvö af þessum fjórum

Íþróttamannvirkjum var Dansskóla Kópavogs boðið að vera með söluborð í Fagralundi. Samantekt og ábendingar frá Íþróttafélögunum er í viðauka.

Hjálparsveit skáta var með tvo aðila á hverju svæði fyrir sig - engir bílar voru til sýnis vegna Covid hreinsireglna en þau voru á staðnum, merkt og því hluti af öryggisteymi hátíðarhaldanna á öllum hátíðarsvæðunum.

Svæðið við Menningarhúsin var unnið af teymi hússins og var allt skipulag og samvinna til fyrirmyndar. Það var ánægjulegt að sjá hve Menningarhúsin héldu í sérstöðu sína í hátíðarhöldunum og buðu upp á menningarlegan 17. júní.

Það sem gekk vel: Allir tengiliðir Íþróttafélaganna voru ánægðir með fyrirkomulagið og óskuðu að sama fyrirkomulag yrði að ári. Samstarf við Menningarhúsin var einnig mjög gott og sumarstarfsmenn húsanna, hönnuðirnir fjórir voru góður viðauki við vinnuna og einstaklega þægilegar í allri samvinnu.

Það sem gekk ekki vel: Best er að ákveða að Íþróttafélögin hafi starfsmann og að nafn hans/hennar verði komið fram og inn í tengiliðaskrána í lok maí - það auðveldar öll samskipti og ákvarðanatökur. Best væri að hafa allar merkingar og dagskrá hátíðarhaldanna á stórum upplýsingaskiltum við inngang svæðanna - það var gert að einhverju leyti en hefði mátt gera betur svo fólk vissi alltaf hvað væri í gangi og hvar - því engin dagskrá var í fjölmiðlum vegna ástandsins.



Ummæli bæjarbúa tekin af Facebooksíðu bæjarins:

Frábært að dreifa hátíðarhöldum um bæinn - skemmtileg hverfisstemning! Vonandi verður framhald á þessu fyrirkomulagi! - *Dalla Ólafsdóttir*

Frábært fyrirkomulag á hátíðarhöldunum, myndast skemmtileg stemmning og krakkarnir hitta fleiri vini sína með þessu fyrirkomulagi 😊 Vonandi verður þetta svona áfram 😊 - *Kristín Fanney Þorgrímsdóttir*

Þetta var alveg meiriháttar fyrirkomulag, fimm hoppukastalar hér í Salahverfi og var ein röð í þá alla. Hefði verið betra að hafa eina röð í hvern þeirra, eins hefði mátt hafa einn fyrir kríli 1-3 ára sem áttu erfitt með að bíða svona lengi En annars frábært. - *Erla Stefanía Magnúsdóttir*

Ótrúlega flott hjá Kópavogsbæ 😊 - *Björk Ólafsdóttir*

Kópavogsbær fær risa plús í kladdann fyrir þessa vel heppnuðu hátíð og vonandi verður þetta svona í framtíðinni 🙌👍🇮🇸 held að flest börn og tala nú ekki um foreldrana hafi notið þessara hátíðarhalda miklu betur 🙌🙌🙌 frábært hjá ykkur 🙌👊🇮🇸 - *Anna Gyða Sveinsdóttir*

Þetta er fínt fyrirkomulag. Næst má vera sams konar, nema bæta við stað fyrir Kársnesið okkar, t. d. Rútstúni. 😊 - *Ásta Þórarinsdóttir*

Þetta fyrirkomulag er mjög þægilegt og var vel að verki staðið (a.m.k í Fagralundi). Hvetur fólk miklu frekar að fara gangandi þar sem þetta er í nærumhverfi 😊 - *Berglind Ösp Eyjólfsdóttir*



Bílalestin

Tvær fjallkonur og nýstúdentar. Haft var samband við skólameistara MK, varðandi tilnefningu fyrir fjallkonur og nýstúdent. Ákveðið var að halda í þá hefð og að sitt hvort parið færi með hvorri bílalest fyrir sig. Leigðir voru kyrtlar fyrir fjallkonunar hjá Þjóðdansasfélagi Reykjavíkur og í mátuninni er aðstoðarkonu hennar (oftast móðirin) kennt að setja skautið á. Aðili frá Þjóðdansasfélaginu kom með kyrtlana í myndatöku fyrir Kóavogsblaðið og kenndi þeim handtökin..

Opnir vagnar fengnir voru tveir opnir vagnar frá Reykjavík Excursions sem keyrðu um bæinn með listamenn, Skólahljómsveitina og fjallkonu og nýstúdent auk starfsmanna.

Skólahljómsveit Kópavogs. Sendur var út tölvupóstur á Össur Geirsson, stjórnanda Skólahljómsveitarinnar í apríl bæði til að kanna með möguleika á að halda litlar skróðgöngur fyrir leikskólana og svo þátttöku hljómsveitarinnar í bílalestunum. Ekki reyndist grundvöllur fyrir hinu litlu skróðgöngum en sitt hvor hljómsveitin var í hinum opnu vögnum auk þess sem þau yngstu spiluðu á undan hátíðardagskránni í Kórnum þar sem Salka Sól spilaði með þeim eitt lag. Bílalestin fór mjög hægt yfir og á endanum sleppti hún að keyra inn í hverfin og var samt sein á stoppustöðvarnar þar sem Ronja Ræningjadóttir og Lína Langsokkur (í sitt hvorum bílnum) og persónur úr leikritum Leikhópsins Lottu héldu utan um dagskrána og Skólahljómsveitin skemmtu.

Skátarnir. Haft var samband við skátana í maí staðfesting kom um miðjan júní að þeir yrðu sýnilegir á öllum hátíðarsvæðum en engir bílar væru til sýnis eða önnur leiktæki kæmu með - var það vegna varúðarráðstafana Covid-19.

Það sem gekk vel: Þegar allir voru komnir með sitt hlutverk í hinni nýju dagskrá útaf aðstæðum gekk dæmið upp. Stjórnandi Skólahljómsveitarinnar kom með góðar lausnir sem nýttust, auk þess að bjóða eina hljómsveit til viðbótar að spila í Kórnum.

Það sem gekk ekki vel: Bílalestin fór hægt yfir því hraðahindranir fara illa með bílana sem varð til þess að þeim seinkaði svo um munaði. Það er því ákveðið spurningarmerki hvort það ætti að endurtaka þetta atriði.



Fjárhagsáætlun

Lagt var upp með áætlun upp á 15 milljónir sem er um 50% aukning frá 2019 en vegna aðstæðna var nauðsynlegt að bæta við útgjaldaliðinn. Stærsti kostnaðarliður voru listamennirnir sjálfir og aðstaðan (Exton o.fl.) Kaffivélar voru leigðar fyrir hvert starfsmannatjald (nema menningarhúsin) og matarinnkaup höfð í lágmarki. Farið var eftir listum fyrri ára sem einungis er hægt að nota sem viðmið því mismunandi er milli ára hvað þarf - spilar veður og fjöldi starfsfólks að sjálfsögðu þar inní. Í ár voru keyptir bolir fyrir starfsmenn og þeir merktir 17. júní, starfsmaður - þessir bolir nýtast næstu ár. Yfirlit yfir innkaup eru í skjölum verkefnastjóra. Notast var við beiðnabók fyrir innkaup og gætt var að versla eingöngu þar sem hægt var að nota hana og versla í tíma. Fjármálastjóri Nettó hafði til að mynda samband eftir hátíðina til að fá upplýsingar varðandi beiðnina sem skilað var inn þar og gekk vel að rekja hana. Kostnaður varð að lokum um 16 milljónir en undir liðinn fór m.a. leiga á hoppukastölum í tengslum við götubitaþílaheimsóknir í hverfi bæjarins, var það gert til að dreifa viðburðum yfir sumarið enn frekar. Menntasvið lagði til fjármagn við kostnað verkefnastjórna síðustu ár sem verkefnastjóra er ekki kunnugt að hafi verið í ár og kemur því ekki inn sem tekjur.

Það sem gekk vel: Innkaup voru markviss og gerð í tíma og samningar og allt samstarf við listamenn, Exton og Sprell var til fyrirmyndar.

Það sem gekk ekki vel: Rafgeisli er alltaf örlítið óþekkt stærð, gefur áætlun sem ekki er hægt að vinna 100% með vegna frávika sem ævinlega koma upp. Engin leiga var af sölutjöldunum en þau voru í notkun við Menningarhúsin. Þá voru kaffiinnkaup og leiga á kaffivélum of hár kostnaður.

KOSTNAÐARYFIRLIT 17. JÚNÍ		2020	2019	2018
TEKJUR				
Leiga af sölutjöldum			117.000 ISK	140.000 ISK
Framlag menntasviðs			450.000 ISK	450.000 ISK
Samtals tekjur			567.000 ISK	590.000 ISK
GJÖLD				
Kynningarmál		0 ISK	339.560 ISK	971.750 ISK
Listafólk		5.072.250 ISK	3.135.000 ISK	2.990.200 ISK
Aðstaða		3.580.005 ISK	3.527.349 ISK	3.091.700 ISK
Leiktæki og önnur skemmtun		1.488.000 ISK	364.600 ISK	366.230 ISK
17. júní hlaup		140.000 ISK	134.620 ISK	194.791 ISK
Starfsmannakostnaður (matur, fatnaður)		350.587 ISK	323.144 ISK	297.018 ISK
Annað (aðföng, auka hverfishátíðir, verkefnastjórn og aðföng Menningarhúss v. 17.júní)		5.370.581 ISK	1.415.577 ISK	513.029 ISK
Samtals gjöld		16.001.423 ISK	9.239.850 ISK	8.424.718 ISK
NIÐURSTAÐA		-16.001.423 ISK	-8.672.850 ISK	-7.834.718 ISK

Að lokum

Það verður að viðurkennast að skipulagning 17. júní hátíðarhaldanna í ár var töluverð áskorun en skemmtileg enda var það skýr vilji bæjarins að halda hátíðina með nýjum formerkjum en setja öryggið á oddinn á Covid-19 tímum. Sett var upp dagskrárskjal og listamenn beðnir um að koma tvisvar fram sem þeir tóku vel í, þannig var hægt að auðvelda alla dagskrárvinnu til muna. For-staðfesting var gerð við listamenn til að bóka þá og endanleg staðfesting fengin þegar ljóst var að hægt væri að halda hátíðina með þessum formerkjum. Gott var að vera með aðstöðu í Menningarhúsunum og geta verið í samtali við aðra starfsmenn um leið og eitthvað kom upp - enda eru Menningarhúsin einstaklega þægilegur vinnustaður og allt starfsfólk einstakt.

Mikil áhersla var á að allt starfsfólk hátíðarhaldanna væri með sitt hlutverk á hreinu, sett voru upp 2ja metra svæði á öllum stöðum en enginn nýtti þau að lokum. Spritt og hreinsiefni voru keypt og er gaman að segja frá því að þegar sjónvarpið kom nður í Fagralund var haft orð á því að þar væri verið að spritta alla áður en farið væri í leiktækin - það kom sérlega vel út fyrir Kópavog.

Skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna og öryggi gesta er það sem alltaf er haft að leiðarljósi í þessari vinnu. Því miður reyndist ekki hægt að vera með kvöldtónleika en þeim mun meira var lagt í dagdagskrána. Hvað varðar kvöldtónleika þá vill verkefnastjóri aftur hvísla þeirri hugmynd að Lista- og menningarráði að í þeim felst ákv. tækjari t.d. að útbúa vörumerki fyrir tónleikana og gera að bæjarhátíð.

Hátíðarhöld sem þessi eru sérlega gefandi því markmið þeirra er að gleðja bæjarbúa, skapa minningar, jákvæða upplifun og tengsl. Það er heiður að vera hluti af því. Bæjarbúar kunnu svo sannarlega að meta framtakið og tilraunin með nokkur hátíðarsvæði tókst vel í alla staði.

Takk fyrir gott og gefandi samstarf.

Bestu kveðjur



verkefnastjóri rigga.is

VIÐAUKAR

Frá Fagralundi:

Það hefði mátt vera stærra sölutjald.

Betri skipulag og umgjörð aðstaða fyrir starfsfólkið.

Birgitta umsjónamanneskja sagði við mig ég veit ekki hvernig við hefðu farið að ef að þú hefðir ekki verið á staðnum.

En það eru alltaf eitthvað sem má fara betur.

Birgitta vissi ekki af ruslafötum fyrr en ég fór að dreifa þeim.

Vonandi gengur betur næst ef þetta er komið til að vera.

- Þorsteinn vaktstjóri í Fagralundi.

Eins og Þorsteinn nefnir hefði mátt vera fleiri sölutjöld og leiktæki.

Eins og við vitum vantaði klósettin.

Aðstaða fyrir starfsfólkið en þau voru auðvitað inni hjá okkur.

Starfsmaður frá okkur fór að stjórna umferðinni og það vantaði frumkvæði að dreifa ruslafötunum.

Einnig viljum við kannski benda á austurvöllin ef sviðið hefði verið þar þá hefði fólk geta setið í brekkunni.

Ég þakka fyrir að Þorsteinn var á staðnum en það var talað um að það væri ekki þörf á starfsmönnum í húsinu og var eingöngu talað um að hann yrði við til að opna fyrir rafvirkkjum og myndi hleypa fólki inn í fráganginum í lok dags en það virtist vera full þörf á okkar starfólki.

- Elísabet Stefánsdóttir, forstöðumaður íþróttahús Digranes og Fagralundi

Frá Fífunni:

Heppnaðist virkilega vel.

- Má endurhugsa staðsetningar þannig að svæðin tengjast betur
- Raðir í hoppukasta óþarflega löng, mun sniðugra að auka aðeins pláss og hleypa í 1-2 tæki í einu, lágmarka raðir en gera fleiri.
- Í góðu veðri þá var grasið á fótboltavellinum vinsæll staður í leik og slökun, má hugsa það inní heildarmyndina.
- 17.júní hlaupið á Kópavogsvelli er fjölmenn og jafnvel möguleiki að tengja viðburði betur

Ég persónulega var þarna í 3 klst með krakkana mína (litla) og þau skemmtu sér mjög vel og fjöldinn á svæðinu mjög hæfilegur.

- *Sölvi Guðmundsson, rekstrarstjóri Breiðabliks*

Eitt enn, mætti kannski hugsa um eldri krakka sem hafa farið á tónleikana um kvöldið á Rútstúni. Kannski hægt að skiptast á á milli ára að hafa tónleika á einu svæði um kvöldið.

- *Erla Hrönn Diðriksdóttir, umsjónarmaður sölutjalds Breiðabliks*

17. júní 2020 - Hátíðahöld í Versölum

Nokkrir punktar til umhugsunar ef halda á aftur 17. júní í hverfunum:

- 1) Aðilar á vegum vinnuskólans voru mættir allt of snemma. Þau sátu á grasinu þangað til dagskráin byrjaði eða í nokkrar klukkustundir. Það vantaði að einhver væri að stjórna þeim eða vantaði verkefni fyrir þau.
- 2) Setja tækin upp fyrr. Hoppukastalar voru komnir á svæðið en þeir ekki blásnir upp fyrr en löngu seinna eða um kl. 13:30
- 3) Dagskráin var ekki eins og auglýsingin sagði til um. Þ.e. hún byrjaði kl. 14:05 og var til kl. 15:40 en auglýstur tími var kl. 14-16
- 4) Það gleymdist að panta klósett og voru klósettin í Versölum notuð í staðinn. Tveir starfsmenn voru á klósettivaktinni og sótthreinsuðu hurðahúna og slíkt sem var mjög gott. Þetta gerði það hinsvegar að verkum að fólk var að hlaupa inn í alrýmið í Versölum og foreldraráð var að vísa fólki út úr húsinu.
- 5) Hljóðkerfið var ekki nógu gott og heyrðist lítið um svæðið.

- 6) Sviðið var sett upp mjög seint eða kl. 13:30 og töluvert að fólki var þá mætt á staðinn.
- 7) Búið að segja að það ætti ekki að auglýsa dagskránnar það er hvaða listamenn yrðu hvar en það birtist á facebooksíðu Kópavogsbæjar um morguninn svo fólk gat valið sér svæði eftir listamönnum.
- 8) Stuttur fyrirvari -
- 9) Tæki og svið voru komin upp mjög snemma hjá t.d. Breiðablik og fólk sem flakkaði á milli svæða talaði um það að allt var tilbúið hjá Breiðablik en ekkert búið að setja upp hjá Gerplu. Leit út fyrir að við værum sett svona „afgangs“ þar sem allt virtist vera gert á síðustu stundu.
- 10) Bæði foreldrafélagið og Sprell.is voru að selja Candy flos. Candy flosið selst mjög vel og mynduðust raðir við báðar vélarnar. Gestir vissu hinsvegar ekki að þeir væru að styrkja Sprell.is en ekki Gerplu þegar þeir keyptu hjá Sprell. Það þarf að endurskoða þetta og finnst foreldraráði að Sprell.is eigi ekki að vera með sýnar vélar heldur að þetta eigi að vera fjáröflun fyrir félagið.
- 11) Sprell.is var með ranga mynd af uppsetningu svæðisins. Passa þarf að þeir fái réttar upplýsingar. Færa þurfti sjoppuna út af þessu.

Heilt yfir gekk þetta rosalega vel. Margir höfðu orð á því hvað þetta væri sniðugt að halda hátíðina inni í hverfunum og vonuðust til þess að þetta sé komið til að vera. Sleppa við bílastæðavandamál og geta gengið á staðinn væri alveg frábært. Það hafi alltaf verið svo troðið á Rútstúni og ekki hægt að vera þar. Fengum fullt af hrósi og allir mjög glaðir með þetta.

- *Hildur Gottskáldsdóttir, fjármála- og launafulltrúi Gerplu*

FRÁ SVÆDISSTJÓRUM

VERSALIR:

Í heildina gekk allt frekar vel bara.

Það sem gekk vel:

- plön og skipulag var gott og útskýringar í möppu voru mjög hjálplegar fyrir svæðisstjóra, sviðsstjóra og starfsmannatjaldið.
- allt til staðar í kössum og búnaði sem við fengum og nóg til
- dagskráin var á réttum tíma
- starfsfólk virtist ánægt
- auðvelt að hafa samband ef ég var með einhverjar spurningar

Það sem hefði getað farið betur:

- þegar ég mætti á svæðið kl 9 þá var ekkert komið á staðinn, hoppukastalarnir, sviðið og starfsmannatjaldið kom ekki á staðinn fyrr en rétt fyrir hátíðarhöldin og var allt klárt bara þegar allt var að byrja og fólk var mætt. Ég hefði viljað fá þetta aðeins fyrr svo við hefðum getað gert starfsmannatjaldið okkar almennilegt og raðað úr kössunum til að skipuleggja aðeins fyrir hátíðina.

- einnig vorum við um 10 manns mætt kl 9:30 og það eina sem við gátum gert fyrir hátíðina var að blása upp blöðrur og hengja þær upp, færa mörk á vellinum, týna upp rusl og setja upp málningaraðstöðuna. Við höfðum um 4 klst til að gera þetta allt svo ef þetta yrði gert aftur þá myndi ég mæla með að mæta 1-2 klst seinna því ef allir vinna þá tekur undirbúningurinn enga stund :)

- það varð líka smá vesen með klósettin en við náðum að setja mannskap í þrifnað og sótthreinsun á þau, síðan kláraðist klósettpappírinn svo það varð smá stopp en við redduðum því.

En í heildina gekk allt rosa vel og ég var mjög ánögð með daginn. Þau atriði sem ég nefndi í að hefðu mátt fara betur voru alls ekki alvarleg, bara litlir hlutir sem ég vildi nefna. Eina stressið hjá mér var hversu seint sviðið og tjaldið komu upp bara útaf ég hélt það yrði á staðnum þegar ég myndi mæta en það varð alls ekki mikið mál og allt reddaðist að lokum :)

Takk fyrir að treysta mér fyrir þessu verkefni!
Fanney.

KÓRINN:

Dagurinn gekk heilt yfir mjög vel. Þrátt fyrir smá seinkun á uppsetningu hoppukastalana, sviðsins og starfsmannatjaldsins að þá reddaðist allt fyrir daginn. Það er í raun eina sem mér finnst að hafi geta farið betur, þar sem að Kórinn var held ég seinastur til þess að fá allt þetta. En ég endurtek samt sem áður að það gerði ekki mikið til og hátíðin var flott í alla staði.

Ása Rut

FÍFAN:

Nokkrir punktar:

Góðir:
Góð dagskrá
Nokkuð gott flæði
Flott tæki
Hoppukastalar flottir

Hefði mátt betur fara:
Hefði mátt vera keilur/jarnstaurar fyrir raðir
Myndaðist mjög langar raðir sem hefði verið hægt að styra betur
2m svæðið óþarfi
Sjoppurnar hefðu mátt vera nær svæðinu
Skipulagið hefði mátt vera örlítið skýrara

Aron Gauti

EXTON

Ánægður, miklu betra en gera svona stórt, meiri dreifing, meiri mæting.

Allir sammála að hafa þetta svona.

Hélt að hann hefði meiri tíma en þurft að sækja búnað í Exton
Vera klukkutíma fyrr á ferðinni eða vera með stærri bíla.

Vildi setja upp sviðin daginn áður..en gátu ekki vegna æfinga.

- keyrðu öll sviðin á svæðin snemma

-

Ef byrjað klst fyrr þá ekki verið tæpt.

- Alveg í lagi að sviðin séu yfir nótt. hefði sparað ca 2 tíma í heildina á öllum mannskapnum, tekur 3 að gera, vanir tekur ca 30 mín

sparar pláss í bílum að vera ekki með svið í bílunum um morguninn.

Sviðið kvöldið áður (eða byrja klst. fyrr)

Hoppukastalar komnir upp kl. 13.

Kenna svæðisstjóranum á hvernig er að kveikja á hoppuköstulunum og þau geta þá sett í gang.

Hljóðmaður gengur frá búnaði,

Hafa vörð um dótið, hafa svæðisstjórana í því.

JÓI SPRELL

smá stress, komu kl. 6 um morguninn

rafmagnið sem þeir áttu að fá, var farið í hoppukastalana,

taflan sem átti að vera fyrir þá fór í hoppukastlana,

var með starfsmann í hverju tæki,

voru á asnalegum stað í Fagralundi, sem var breytt og verkefnastjóri hefði átt að láta vita.

Fór með Kjartani í Rafgeisla um allt, fór yfir staðsetningar, það stóðst allt nema þar sem taflan var tekin í Hoppukastalana...

Sjoppurnar höfðu ekki undan,, engan veginn. Sprell fann fyrir því.

KJARTAN RAFGEISLI

Tókst ágætlega varðandi rafmagnið, segir hann.

Þurfti að gera ráðstafanir á hverjum stað, var svolítill undirbúningur, það var til allt í þetta, þurfti ekki að kaupa mikið.

Eins og allt var hannað, þá gekk allt rafmagnið upp

Þurfti lengri snúru í Fagralundi.

Í Versölum færðu þau sjoppuna útaf Sprellinu,

Ef rigning þá hefði þurft að vera með sjoppuna við dyrnar í Versölum og þá hefði þurft að færa Sprell tækið inn á túnið, hefði komist þar.